



Google Street View



Í þessu hefti að lærir þú að taka þína eigin 360° myndir sem hægt er að nota til að búa til leiðangra og bæta myndunum þínum við Google Maps og taka þannig þátt í Google samfélaginu á netinu.

Upphafsskjár appsins

Hérna getur þú skoðað götumyndir frá öllum heimshornum. Þú getur þysjað (e. zoom) inn á kortið og þannig afmarkað þær myndir sem þér er boðið upp á að skoða.

Leitarstika

10:06
Search Street View

FEATURED EXPLORE PROFILE PRIVATE

Hérna er hægt að velja aðra möguleika í appinu, t.d. fundið myndir sem þú hefur tekið í appinu.

Rauðu doppurar tákna magn mynda á svæðunum. Því stærri því fleiri.



Hér getur þú smellt og byrjað að taka þína eigin 360° mynd með símanum þínum! Þessi valmynd sprettur þá upp

Tengja sérstaka 360° myndavél

Link external 360° camera

Hlaða inn mynd sem þú hefur tekið

Import 360° photos

Nota myndavélina á símanum þínum.

Camera

red collections



Þegar þú byrjar að taka mynd kemur upp þessi skjár. Þú átt að beina myndavélinni að appelsínugula punktinum.



Point the camera at the dot



Þegar þú heldur myndavélinni stöðugri á punktinum þá byrjar myndavélin að taka mynd.



Point the camera at the dot



Þegar ein mynd er tilbúin hreyfir þú myndavélina til og finnur næst punkt til að taka mynd af, svo svo koll af kolli.

Richo Theta → Dæmi um góða 360° myndavél sem tekur myndir í 4k upplausn



Til baka

Hætta við

Hér sérðu hvort myndin sem þú varst að taka upp sé í lagi og í kringum hnappinn sérðu hversu langt þú ert komin/n með að klára 360° myndina.

Ímyndaðu þér að þú sért inni í kúlu og sért að taka mynd af öllum hliðum á henni. Smá saman fyllir þú inn í upp í götin á myndinni og klárar að taka 360° mynd. Það á ekki að sjást neitt í grúa bakgrunninn.

Ath. Reyndu að hreyfa þig sem allra minnst til að myndirnar passi sem best saman. Ef eitthvað er á hreyfingu í kringum þig, þá eru miklar líkur á að myndin verði smá gölluð, en það er samt allt í lagi!

ATH. Ekki hafa áhyggjur af því að myndirnar virðist ekki passa saman, hugbúnaðurinn mun sjá um að pússla myndunum fallega saman (svona að mestu leyti).





Þú ræður hvað þú gerir við myndirnar þínar

Þú gætir ákveðið að birta þær og tengja við Google Map, þú gætir sett þær inn í þinn eigin leiðangur eða bara geymt þær sem minningu um áhugaverða stað.

Sérstaklega vel valdir staðir sem þú getur skoðað myndir af, svo sem þjóðgarðar og neðansjávarmyndir

Hérna finnur þú myndirnar sem þú hefur sjálf/ur tekið. Getur valið að hlaða þeim niður, birta o.s.frv. **ATH** það getur enginn fundið né skoðað þessar myndir. Þú getur hinsvegar notað myndirnar, sjá næstu blaðsíður.

FEATURED

EXPLORE

PROFILE

PRIVATE



Myndir frá öðrum sem þú getur skoðað

Hérna getur þú skoðað þær myndir sem þú hefur sett á Google Maps. T.d. séð hversu margir hafa skoðað þær.



Hvernig vinna þessi verkfæri eiginlega saman?



Google Street View



Google Tour Creator



Google Expedition


Þú sendir 360° myndir sem þú tekur í Google Street view til þín í tölvupósti.

1. skref

2. skref

3. skref



4. skref



<p>Ferð í þínar myndir (e. private) þar sem 360° myndir sem þú hefur áður tekið í gegnum appið eru geymdar. Smellir á þá mynd sem þú ætlar að nota</p>	<p>Smellir á flytja út (e. export) hnappinn</p>	<p>Smellir hér á <i>SHARE PRIVATELY</i> til að deila myndinni áfram.</p>	<p>Hér opnast svo mismunandi möguleikar til deila myndinni, t.d. með tölvupósti.</p>
--	---	--	--



Nú getur náð í myndina sem viðhengi úr tölvupósti og bætt henni svo við leiðangurinn þinn.



Þegar þú deilir leiðangri með einhverjum þá getur viðkomandi skoðað hann líkt og hægt er að skoða erlenda leiðangra í Google Expedition